

Vinir Zippýs - námsþáttur 2: Tjáning og boðskipti

Í þessum námsþætti, sem spannar 4 vikur, læra börnin að eiga góð og árangursrík samskipti við aðra. Þau læra að segja öðrum hvernig þeim líður, hvernig þau geta leitað aðstoðar og hvernig þau geta sagt það sem þeim býr í brjósti, jafnvel þegar þau eru reið eða kvíðin. Hlédrægari börn opna sig oft í þessum tímum og læra að tjá sig á opnari hátt. Í kennslustundum læra börnin líka að hlusta á aðra og trufla ekki eða grípa fram í þegar aðrir tala.

Hér eru nokkrar æfingar og ráð varðandi það hvernig má styrkja námsefnið heima við.

Ábendingar– Samskipti

- Lesið meira um hvernig börn tjá sig, t.d. á eftirfarandi vefslóð á Netinu www.partnershipforchildren.org.uk/resources/communication.html
- Hvetjið barnið til þess að leita sér aðstoðar þegar því finnst það ekki geta ráðið fram úr hlutunum sjálfst eða þegar það er í uppnámi. Útskýrið fyrir barninu að það séu margir sem geta veitt aðstoð – foreldrar, ömmur og afar, bræður og systur, vinir og kennarar.
- Hrósið barninu þegar það aðstoðar einhvern eða huggar.
- Gerið ráð fyrir því að barnið fari að tala meira – og verið reiðubúin að hlusta!

Fjögur verkefni

1. verkefni	Þeir sem standa mér næst
Markmið	Að hjálpa barninu að koma auga á fólki sem getur komið því til aðstoðar í erfiðleikum.
Hvað tekur þetta langan tíma?	15 mínútur.
Hvað þarf að hafa við höndina?	Liti og blað.
Hvað á að gera? 	Biðjið barnið að teikna þá einstaklinga sem það myndi leita til ef það væri áhyggjufullt eða hrætt eða þarfnadist aðstoðar. Hengið upp myndina af þessum hóp en í honum eru líklega foreldrar, systkini, ömmur og afar, kennarar og vinir. Biðjið barnið að útskýra hvers vegna hver og einn er „sérstakur vinur“ og af hverju hann gæti komið til aðstoðar. Þið getið líka rætt um raunverulegar eða ímyndaðar aðstæður og spurt barnið til hvers úr þessum tiltekna hóp fólks það myndi leita til í hverju tilviki fyrir sig.

2. verkefni	Fjölskyldualbúm
Markmið	Að gera barninu auðveldara að tjá sig um tilfinningar sínar og geðshræringu.
Hvað tekur þetta langan tíma?	15 mínútur.
Hvað þarf að hafa við höndina?	Myndaalbúm fjölskyldunnar.
Hvað á að gera?	Börn njóta þess að skoða myndir, sérstaklega ef þær eru af þeim sjálfum, vinum eða ættingjum. Flettið í gegnum myndaalbúm með barninu og biðjið það að segja ykkur hvernig fólkinu á myndunum líður. Hvetið barnið til þess að nota eins mörg orð og það getur til þess að lýsa tilfinningunum. Spyrjið barnið hvers vegna það haldi að manneskjunnar á myndinni líði þannig. Á fjölskyldumyndum sýnist fólk yfirleitt ánæggt. Ef þið eigið bekkjarmynd barnsins eða mynd úr skólanum getið þið beðið barnið að segja hvað hver og einn heitir og hvað því finnst um viðkomandi og hvers vegna. Það er allt í lagi að barnið láti í ljós neikvæðar tilfinningar, en það á ekki að sýna ókurteisi eða vanvirðingu. „Mér líkar ekki við Maríu vegna þess að hún leikur sér ekki við mig,“ er í lagi en „María er heimsk af því að hún vill ekki leika sér við mig,“ er það ekki.



3. verkefni	Hvísleikur/ Að hvísla orði eða setningu
Markmið	Að hjálpa barninu að læra að hlusta á aðra.
Hvað tekur þetta langan tíma?	15 mínútur.
Hvað þarf að hafa við höndina?	Vinahóp eða ættingja.
Hvað á að gera?	Allir sitja í hring. Einn hvíslar einfaldri setningu að næsta manni sem hvíslar henni aftur að næsta manni og svo koll af kolli. Sá sem er síðastur segir svo að lokum upphátt það sem hann heyrði – en það getur oft verið mjög ólíkt upprunalegu setningunni eða orðinu! Því fleiri sem eru í hringnum og því flóknari sem upprunalega setningin er, þeim mun meiri möguleikar eru á því að skilaboðin ruglist. Þessi einfaldi leikur sýnir börnum hversu auðvelt er að misskilja aðra (jafnvel meðal fullorðinna) og hve mikilvægt það er að hlusta vel og tala skýrt.



4. verkefni	Hvorki nei né já! / Frúin í Hamborg
Markmið	Að bæta samskipta- og tjáningarfærni barnsins.
Hvað tekur þetta langan tíma?	15 mínútur.
Hvað þarf að hafa við höndina?	Ekkert.
Hvað á að gera?	Þetta er einfaldur leikur sem má leika hvar og hvenær sem er. Honum fylgir oft mikill hlátur og börn hafa yndi af honum. Þið spyrjið barnið spurninga og það á að svara án þess að segja já eða nei. Þið getið skipst á og séð hvor vinnur. Í sinni einföldustu mynd þjálfar þessi leikur samskipta- og tjáningarhæfni barnsins þar sem það er knúið til þess að hugsa vandlega um hvernig það tjáir sig. Þið getið líka notað leikinn til þess að kanna tilfinningar á skemmtilegan hátt.

